

Reglugerð um Íslandsgöngur

1. Keppnin heitir Íslandsgangan.
2. Keppnin er fölginn í þátttöku í allt að sex sjálfstæðum almenningsgöngum á skíðum á sama vetri.
3. Stig þátttakanda eru þannig reiknuð:

1.sæti	50 stig	11.sæti	10 stig
2.sæti	44 stig	12.sæti	9 stig
3.sæti	38 stig	13.sæti	8 stig
4.sæti	33 stig	14.sæti	7 stig
5.sæti	28 stig	15.sæti	6 stig
6.sæti	24 stig	16.sæti	5 stig
7.sæti	20 stig	17.sæti	4 stig
8.sæti	17 stig	18.sæti	3 stig
9.sæti	14 stig	19.sæti	2 stig
10.sæti	12 stig	20.sæti og aftar	1 stig

4. Samanlögð stig úr öllum mótum ráði úrslitum. Séu keppendur jafnir að stigum skal sá teljast fremri sem hefur fleiri 1.sæti, 2.sæti o.s.frv.
5. Verðlaun í Íslandsgöngunni skulu veitt fyrir þrjú efstu sæti í eftirtöldum flokkum.

Konur	17-35 ára	36-50 ára	51-60 ára	61 ára og eldri
Karlar	17-35 ára	36-50 ára	51-60 ára	61 ára og eldri

16 ára og yngri er óheimil þátttaka í 20 km eða lengri vegalengd í Íslandsgöngunni. Færsla á milli flokka er óheimil. Að auki hljóti allir þátttakendur viðurkenningu fyrir þátttökuna í hverri



grein.

6. Stefnt skal að því að mótin fari sem víðast um landið. Sækja skal um mót í Íslandsgöngunni til skíðagöngunefndar SKÍ fyrir 1. september. Skíðagöngunefnd ákveður hvaða mót eru í Íslandsgöngunni ár hvert. Lágmarksvegalengd göngumóts í Íslandsgöngunni er 20 km. Þó gilda ekki reglur um hámarksvegalengdir í Íslandsgöngunni.
7. Skíðagöngunefnd SKÍ er framkvæmdaaðili Íslandsgöngunnar og veitir allar almennar upplýsingar um keppnina, auglýsir hana í byrjun vetrar og birtir stigagjöf að lokinni hverri göngu og úrslit að lokinni síðustu göngu vetrarins.
8. Framkvæmdaraðili hvers göngumóts fyrir sig auglýsir mótið og birtir sín úrslit í fjölmiðlum og tilkynnir þau skriflega til SKÍ og skíðagöngunefndar SKÍ innan viku frá því gangan fór fram.
9. Skautaskrefið er bannað í almenningsgöngum þeim, sem standa að Íslandsgöngunni. Þó má skauta við eftirfarandi aðstæður: Í kröppum beygjum, þegar skipt er um spor og brautarhelming.
10. Legu brautar í Íslandsgöngunni skal miða við að um almenningsgöngu er að ræða. Lágmarka skal hæðarmun eins og kostur er, tryggja skal að rými sé til að halda aftur af hraða á leið niður brekkur og rafið í beygjum sé það stór að ekki sé erfitt að standa í spori í gegnum beygjur.
11. Að öðru leyti gilda mótareglur SKÍ um mótahald og keppni.

Samþykkt á Skíðapingi 13.maí 2017